

Bæjarstjórn - 1921

FUNDARBOÐ

**1921. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 22.
nóvember 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2306599 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Hamarshöfn

Teknir fyrir 1.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 15.nóvember sl. og 5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.

1.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 15.nóvember sl.

Lögð fram samþykkt skipulags- og byggingaráðs frá 2. nóvember sl. um að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna tilfærslu á útmörkum Hamarshafnar til norðurs. Vísað til samþykktar hafnarstjórnar. Jafnframt lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013- 2025, vegna fyrirhugaðrar breytinga á hluta Miðsvæðis M7 í svæði fyrir samfélagsþjónustu og tilfærslu á Hamarshöfn H6.

Hafnarstjórn samþykkir að hafin verði vinna við umrædda breytingu aðalskipulags og samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem snýr að tilfærslu á Hamarshöfn H6 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.

Lögð fram drög að lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Fornubúða og Hamarshafnar. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025, Fornubúðir þar sem miðsvæði M7 er að hluta til breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu S42. Og Hamarshöfn þar sem hafnarsvæðið H6 er fært til þar sem tanginn/hafnargarðurinn flyst norðar.

Skipulags- og byggingaráð samþykkir að auglýsa og leita umsagna við framlagða skipulagslýsingu og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

2. 2305449 - Ásland 3, deiliskipulagsbreyting, grenndarstöð

5.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15.nóvember sl.

Bæjarstjórn vísaði þann 27.9.2023 útfærslu á grenndarstöð í Áslandi 3 til umhverfis- og framkvæmdaráðs. Lagt fram minnisblað.

Umhverfis- og framkvæmdaráð leggur til að settir verði upp hefðbundnir gámar til reynslu og þess verði gætt að umhverfið verði snyrtilegt með girðingu og gróðurbeði. Erindinu er vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

3. 2309281 - Mennta- og barnamálaráðherra, skýrsla, raka- og myglusveppir í leik- og grunnskólum, tjón

17.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15.nóvember sl.

Minnisblað varðandi úttektir lagt fram að nýju.

Lagt fram og vísað til bæjarstjórnar.

4. 2311403 - Útboð, ræsting stofnana bæjarins 2024-2028

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.

Bæjarráð tekur undir tillögu innkauparáðs um að ganga til samninga við lægstbjóðanda sem var með hagstæðasta tilboðið samkvæmt valforsendum útboðslýsingar.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

5. 2310709 - Lántaka 2023

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.

Lagt fram minnisblað. Helga Benediktsedóttur sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun. Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 1.500.000.000,- en í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2023 er heimild til lántöku allt að kr. 3.500.000.000,-. Lántakan samanstendur af kr. 925.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 55 og kr. 575.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 39 og hefur bæjarstjórn kynnt sér skilmála að lánsamningi sem liggur fyrir. Skuldabréfaflokkurinn LSS 55 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með fasta 2,50% vexti en er lánaður á ávöxtunarkröfunni 4,15%.

Skuldabréfaflokkurinn er með jöfnum afborgunum tvisvar á ári og getur verið allt til 33 ára en er með uppgreiðsluheimild í nóvember 2035 og 2045.

Skuldabréfaflokkurinn LSS 39 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með fasta 4,15% vexti, jöfnum afborgunum tvisvar á ári og er til 13 ára. Ekki er hægt að greiða þennan skuldabréfaflokk upp fyrir lokagjaldþaga. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og

framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við íþróttamannvirki sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, kt. 291165-3899,

veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

6. 2311253 - Fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 2024 og gjaldskrá

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.
Umræða um fjárhagsáætlun skíðasvæða og bókun samstarfsnefndar.

Bæjarráð samþykkir framlagða fjárhagsáætlun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2024 og gjaldskrá.

Hlutdeild Hafnarfjarðar er rúm 12%. Framlag Hafnarfjarðar vegna reksturs á árinu 2024 verður rúmlega 36 milljónir og framlag vegna fjárfestingar verður rúmlega 40 milljónir kr.

Bæjarráð tekur undir bókun samstarfsnefndar.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar samþykkja áætlun um rekstur og uppbyggingu í Bláfjöllum, en minna enn og aftur á samþykkt bæjarstjórnar, að Bláfjallavegur ofan Hafnarfjarðar verður opnaður hið allra fyrsta.

7. 2311233 - Axlarás 3, umsókn um lóð

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.

Lögð fram umsókn Friðriks Ottesen og Evu Gunnarsdóttur um lóðina nr. 3 við Axlarás.

Þrjár umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Friðriks Ottesen og Evu Gunnarsdóttur Til vara: Orri Pétursson og Kristín Ingadóttur. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2310424 - Virkisás 22, umsókn um lóð, skil

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Virkisás 22 þar sem óskað er eftir að afsala sér lóðarúthlutun á lóðinni nr. 22 við Virkisás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

9. 2211791 - Hryggjarás 18, umsókn um lóð, úthlutun,skil

18.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhöfum að lóðinni nr. 18 við Hryggjarás þar sem óskað er eftir að afsala sér lóðarúthlutun á lóðinni nr. 18 við Hryggjarás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

10. 2208015 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2026-2038

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.
Lögð fram skipulagslýsing aðalskipulags Hafnarfjarðar 2026-2038.
Skipulagsráðgjafi mætir til fundarins.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa og leita umsagna við framlagðri skipulagslýsingu og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar. Haldinn verður opin kynningarfundur á auglýsingartímanum.

11. 2310078 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Fornubúðir

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.
Lögð fram drög að lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Fornubúða og Hamarshafnar. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025, Hamarshöfn þar sem hafnarsvæðið H6 er fært til þar sem tanginn/hafnargarðurinn flyst norðar. Samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025, Fornubúðir þar sem miðsvæði M7 er að hluta til breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu S42.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa og leita umsagna við framlagða skipulagslýsingu og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

12. 2310364 - Baughamar 13, reitur 33.C, deiliskipulag

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.
Skipulagshöfundar mæta til fundarins og kynna tillögu að deiliskipulagi reitsins. Tillagan gerir ráð fyrir 52 íbúðum á tveimur 5 hæða húsum með inndreginni 6. Hæð. Húsin tengjast á sameiginlegri bílgeymslu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa skipulagstillöguna og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

13. 2308577 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Álhella 1

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.
Breytingin felst í stækkun á iðnaðarsvæði.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa skipulagstillöguna samhliða breytingu á deiliskipulagi Álhelli 1 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

14. 2302624 - Álhella 1, breyting á deiliskipulagi

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun lóðar, aðkomu að lóð verði hnikað til, jarðvegsmanir verði færðar og lengdar. Gert verði ráð fyrir hljóðvegg innan lóðar meðfram lóðarmörkum Álhelli 1 og 3. Nýtingarhlutfall lóðar verði $N_h = 0,4$.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa skipulagstillöguna samhliða breytingu á aðalskipulagi Álhelli 1 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

15. 2301427 - Opnun Bláfjallavegar

Bæjarfulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi tillögu:
Tillaga að bókun

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Vegagerðina að opna Bláfjallaveg eins fljótt og hægt er. Í ljósi jarðhræringa á Reykjanesi er orðið brýnt að opna Bláfjallaveg af öryggisástæðum.

16. 2311460 - Ný heilsugæsla í Hafnarfirði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar- jafnaðarflokks Íslands leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hefja nú þegar formlegar viðræður við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins með það að markmiði að ný heilsugæslustöð rísi á Völlunum, þar sem gott aðgengi er fyrir hendi, svo sem við Tjarnarvelli eða nágrenni. Stöðin verði af þeirri stærð að hún geti þjónustað um 20 þúsund notendur. Bæjarráð fylgi málinu eftir og leiði viðræður fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Greinargerð:

Fyrir liggur sá vilji Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem nær yfir uppbyggingu og rekstur heilsugæslu í Hafnarfirði, að ný stór stöð rísi hið fyrsta í Hafnarfirði, enda er brýn þörf fyrir endurbætta þjónustu í bænum. Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir heilsugæslu í sambýli við hjúkrunarheimili að Hringhamri 43, en sú stöð yrði minni í sniðum og vilji Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er til reksturs stærri stöðvar. Eftir sem áður verður framhald á viðræðum við Sóltún um uppbyggingu og rekstur hjúkrunarheimilis að Hringhamri 43 og þrýst á um það við hagaðila að þau áform nái fram að ganga. Þar á meðal verði tryggð fjármögnun ríkisvaldsins.

Fundargerðir

17. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fræðsluráðs frá 15.nóvember sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 7.nóvember sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15.nóvember sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 14.nóvember sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá ...

Fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.

a. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 25.október og 1.nóvember sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 30.október sl.

c. Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar frá 25.október og 8.nóvember sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 20.nóvember sl.

18. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

1.liður úr fundargerð forsetanefndar frá 20.nóvember sl.

Forsetanefnd leggur til að bæjarstjórnarfundur verði haldinn mánudaginn 4. desember nk. kl. 14. Jafnframt verði síðasti fundur bæjarstjórnar fyrir jól haldinn 20. desember nk. Ráðsvika hefjist mánudaginn 8. janúar og fyrsti fundur bæjarstjórnar á nýju ári verði 17. janúar nk.

20.11.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri